



Fundargerð

**524. fundur sveitarstjórnar Skaftárhrepps
haldinn í fundaraðstöðu sveitarfélagsins, Klausturvegi 4,
fimmtudaginn 30. október 2025.**

Fundinn sátu:

Jóhannes Gissurarson, Björn Helgi Snorrason, Gunnar Pétur Sigmarsson, Auður Guðbjörnsdóttir, Sveinn Hreiðar Jensson og Einar Kristján Jónsson.

Fundargerð ritaði: Einar Kristján Jónsson, sveitarstjóri.

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn klukkan 9:02.

Fundargerðir:

1. 2510001F - Skipulags- og umhverfisráð Skaftárhrepps - 10

Lögð fram fundargerð 10. fundar Skipulags- og umhverfisráðs Skaftárhrepps frá 14. október 2025.

1.1 2403007 - Dalbæjarstapi deiliskipulag

Niðurstaða Skipulags- og umhverfisráð Skaftárhrepps - 10

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við sveitarstjórn að að tillagan fái málsmeðferð í samræmi við 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps staðfestir í einu hljóði ákvörðun Skipulags- og umhverfisráðs.

1.2 2405003 - Kirkjubær 1A - Kirkjubæjarklaustri athugun.

Niðurstaða Skipulags- og umhverfisráð Skaftárhrepps - 10

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við umsækjanda að fullvinna tillöguna eins og hún er sett fram þannig að hægt sé að auglýsa hana en ekki liggja fyrir skilmálar um svæðið.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps staðfestir í einu hljóði ákvörðun Skipulags- og umhverfisráðs

1.3 2510001 - Deiliskipulagi fyrir Skerja- og Skriðuvelli á Kirkjubæjarklaustri.

Niðurstaða Skipulags- og umhverfisráð Skaftárhrepps - 10

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við sveitarstjórn að tillagan fái málsmeðferð samkvæmt 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps staðfestir í einu hljóði ákvörðun Skipulags- og umhverfisráðs.

Sveinn Hreiðar Jensson vék af fundi undir þessum lið.

BHS
Shi Ah
GS 1675 GS



1.4 2510002 - Miðsvæði Kirkjubæjarklausturs-deiliskipulag

Niðurstaða Skipulags- og umhverfisráð Skaftárhrepps - 10

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við sveitarstjórn að tillagan fái málsmeðferð samkvæmt 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps staðfestir í einu hljóði ákvörðun Skipulags- og umhverfisráðs.

Sveinn Hreiðar Jensson vék af fundi undir þessum lið

Gunnar Pétur Sigmarsson, kom til fundar 9:45.

1.5 2510003 - Deiliskipulag virkjunar í Hverfisfljóti-breyting á deiliskipulagi

Niðurstaða Skipulags- og umhverfisráð Skaftárhrepps - 10

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við sveitarstjórn að tillagan fái málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps staðfestir í einu hljóði ákvörðun Skipulags- og umhverfisráðs.

1.6 2510004 - Umhverfisverðlaun Skaftárhrepps árið 2025

Niðurstaða Skipulags- og umhverfisráð Skaftárhrepps - 10

Formaður ráðsins gerði grein fyrir málinu. Skilafrestur til að skila inn tilnefningum vegna umhverfisverðlauna Skaftárhrepps rennur út í kvöld (14. október). Skipulags- og umhverfisráð tilnefnir þau Elínu Heiðu Valsdóttur, Einar Björn Halldórsson og Rúnar Þorra Guðnason í dómnefnd.

Oddviti greindi frá því að dómnefnd hefði valið, Skerjavelli 9, Kirkjubæjarklaustri, sem fegursta hús og lóð í þéttbýli Skaftárhrepps árið 2025, Giljaland, sem fegursta umhverfi fyrirtækis í Skaftárhreppi árið 2025 og Ásgarð, sem fegursta lögbýli Skaftárhrepps árið 2025.

1.7 2510005 - Sorphirða Skaftárhrepps

Niðurstaða Skipulags- og umhverfisráð Skaftárhrepps - 10

Formaður ráðsins greindi frá því að Kubbur ehf., hefði sagt upp undirverktaka sínum í sorphirðu í sveitarfélaginu sem var Hringrás. Nú mun Kubbur ehf., sinna sorphirðu sjálfir og reikna má með því að breytingar verði á sorphirðudagatali.

Lagt fram til kynningar.

2. 2510010 - Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS)

Lögð fram fundargerð 627. fundar stjórnar SASS frá 26. september 2025.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

BHS
25. 11
Siv. 11
GSS



3. 2510020 - Félags- og skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu
**Lögð fram fundargerð 93. fundar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu frá 22. september 2025, ásamt viðauka 1 við fjárhagsáætlun 2025, Félags- og skólaþjónustu. Í viðauka 1 kemur fram að kostnaðarauki hjá byggðasamlaginu að upphæð 24.210.000 krónur, sem stafar að mestu leyti af hækkun launakostnaðar vegna nýrra kjarasamninga. Einnig eru breytingar vegna heimaþjónustu. Heildaráhrif þessara breytinga fyrir Skaftárhrepp er að framlög sveitarfélagsins til Félags- og skólaþjónustu vegna heimaþjónustu, hækkar um krónur 7.986.521-. Aðrir liðir hækka um krónur 2.621.987-.
Sveitarstjórn Skaftárhrepps, samþykkir í einu hljóði fyrir sitt leyti þennan viðauka Félags- og skólaþjónustu. Sveitarstjóri lagði fram viðauka við fjárhagsáætlun Skaftárhrepps þar sem framlag til Félags- og skólaþjónustu hækkar um krónur 2.150.000 þar sem áður var áætlað í heimaþjónustu krónur 8.462.000-. Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir í einu hljóði framlagðann viðauka við fjárhagsáætlun Skaftárhrepps.**
4. 2510024 - Skógasafn
Lögð fram fundargerð safnstjórnar Skógasafns frá 1. júlí 2025.
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
5. 2510012 - Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
Lögð fram fundargerð 247. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands frá 22. september 2025.
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
6. 2510013 - Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
Lögð fram fundargerð 248. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands frá 1. október 2025.
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
7. 2510014 - Bergrisinn bs.
Lögð fram fundargerð 86. stjórnarfundar Bergrisans bs. frá 23. júní 2025.
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
8. 2510015 - Bergrisinn bs.
Lögð fram fundargerð 87. stjórnarfundar Bergrisans bs. frá 8. september 2025.
Fundargerðin lögð fram til kynningar.

BHAS
Sni Ar
1677 GPS
05.



9. 2510016 - Bergrísinn bs.

Lögð fram fundargerð 88. stjórnarfundar Bergrísans bs. frá 6. október 2025.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

10. 2510008 - Kirkjugarðar Prestsbakkasóknar

Lagt fram bréf, dagsett, 14. október 2025, þar sem óskað er eftir að sveitarfélagið setji á fjárhagsáætlun 2026, efniskostnað við nýja girðingu, framhliðar Prestbakkakirkjugarðs.

Erindið kynnt, sveitarstjóra falið að athuga efniskostnað á nokkrum tegunda girðinga. Málinu vísað til gerðar fjárhagsáætlunar 2026.

11. 2510017 - Samþykkt um hunda- katta- og annað gæludýrahald í Skaftárhreppi

Lögð fram drög að nýjum samþykktum um hunda- og kattahald og annað gæludýrahald í Skaftárhreppi.

Oddviti gerði grein fyrir málinu. Afgreiðslu málsins frestað.

12. 2510026 - Leit að heituvatni

Lagt er til að sveitarstjórn gefi heimild til að breyta tilgangi Skaftárljós og það verði notað sem B-deildarfyrirtæki sveitarfélagsins til að leita eftir heituvatni.

Sveitarstjórn samþykkir í einu hljóði að stofna einkahlutafélag utan um verkefnið að leita að heitu vatni, er sveitarstjóra falið að vinna málið áfram.

13. 2510006 - ON Orka náttúrunar ohf

Lagður fram samningur um uppsetningu og rekstur hleðslustöðva fyrir rafbíla á milli Orku náttúrunnar og Skaftárhrepps.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu. Sveitarstjórn samþykkir í einu hljóði fyrirbyggjandi samning og felur sveitarstjóra að undirrita hann fyrir hönd sveitarfélagsins.

14. 2510007 - Rótaryklúbbur Rangæinga

Lagt fram bréf frá Rótaryklúbbi Rangæinga, dagsett, 21. október 2025, þar sem óskað er eftir fjárstyrk vegna uppgerðar á fyrstu rútu Austurleiðar hf.

Oddviti gerði grein fyrir málinu. Sveitarstjórn samþykkir í einu hljóði að veita Rótaryklúbbi Rangæinga styrk að upphæð 180.000 krónur. Verður styrkurinn tekinn af lið 0531/9611.

BH5
Sve. Stj.
1678
GOS
P-S



15. 2510009 - Kubbur ehf.

Lagt fram breytingar á sorphirðudagatali og staðan tekin í sorpmálum sveitarfélagsins.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu. Sveitarstjórn samþykkir einu hljóði breytingar á sorphirðudagatali fyrir sitt leiti. Jafnframt er sveitarstjóra falið að verja hagsmuni sveitarfélagsins í þeim málum sem upp geta komið vegna sorphirðunarsamnings við Kubb ehf.

Gunnar Pétur Sigmarsson, vék af fundi undir þessum lið.

16. 2510021 - Ytri-Skógar

Lagður fram lóðaleigusamningur landeiganda jarðarinnar Ytri-Skóga við Byggðasamlagið Hulu bs. vegna urðunarsvæðis á Skógasandi. Nánar tiltekið um 50 hektara spildu neðan ræktunar á Skógasandi. Lóðin er leigð til 50 ára. Sveitarstjórn Skaftárhrepps, samþykkir í einu hljóði samninginn fyrir sitt leiti.

17. 2510023 - Gjaldskrá og reglur fyrir mötuneyti Skaftárhrepps vegna grunnskóladeildar

Lögð fram gjaldskrá og reglur fyrir mötuneyti Skaftárhrepps vegna grunnskóladeildar.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu. Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir í einu hljóði að visa málinu til Velferðarráð til afgreiðslu.

18. 2510029 - Undirbúningur fjárhagsáætlunar 2026

Lögð fram ákvörðun um fasteignaskatt 2026

Lögð fram ákvörðun um útsvarshlutfall 2026

Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu.

Sveitarstjórn samþykkir í einu hljóði að álagningarhlutfall útsvars árið 2026 verði 14,97% og álagningarhlutfall fasteignaskatts eftirfarandi:

a) 0,55% af álagningarstofni íbúðarhúsa, útihúsa og sumarbústaða ásamt lóðarleiguréttindum og jarðeigna skv. a-lið 3. gr. laga nr. 4/1995 umtekjustofna sveitarfélaga.

b) 1,32% af álagningarstofni opinbers húsnæðis, skv. b-lið 3. gr. laga nr. 4/1995.

c) 1,65% af álagningarstofni allra annarra fasteigna og lóða skv. c-lið 3. gr. laga nr. 4/1995.

BHS
shir. AL
1679
25. GOS



19. 2510025 - Ferðafélagið Blængur

Lagt fram bréf, dagsett 21. október 2025 frá Ferðafélaginu Blæng, þar sem ferðafélagið óskar eftir að Ferðafélag Íslands taki við skyldum og réttindum skv. samningi á milli Ferðafélagsins Blængs og Skaftárhrepps frá 2018.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu. Sveitarstjórn samþykkir í einu hljóði að fresta málinu.

Oddviti óskaði eftir því að fundinum yrði lokað undir lið 20. Var tillaga oddvita samþykkt.

20. 2510027 - Slökkvilið Skaftárhrepps

Málefni brunavarna rædd.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu, eins fram kom á fundinum. Sveitarstjóra falið að vinna málið áfram.

Oddviti óskaði eftir því að fundinum yrði lokað undir lið 21. Var tillaga oddvita samþykkt.

21. 2510028 - Bygging á nýjum leikskóla

Lögð fram gögn vegna jarðvinnu við nýjan leikskóla.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu. Sveitarstjóra falið að vinna málið áfram eins og fram kom á fundinum.

22. 2502023 - Lántaka

Óskað er eftir heimild sveitarstjórnar að taka 100 milljóna lán eins og áætlað var í fjárhagsáætlun ársins 2025.

Ákvörðun um að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga sem tryggt er með veði í tekjum sveitarfélagsins:

Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir í einu hljóði hér með á sveitarstjórnarfundum að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að höfuðstól allt að kr. 100.000.000, með lokagjalddaga þann 20. febrúar 2039, í samræmi við skilmála að lánasamningi sem liggja fyrir á fundinum og sem sveitarstjórnin hefur kynnt sér.

Sveitarstjórnin samþykkir að til tryggingar láninu (höfuðstól, uppgreiðslugjaldi auk vaxta, dráttarvaxta og kostnaðar), standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, nánar tiltekið útsvarstekjum sínum og framlögum til sveitarfélagsins úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Er lánið tekið til byggingar á nýjum leikskóla, sem felur í sér að vera verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Einari Kristjáni Jónssyni, kt. 150371-5119, sveitarstjóra, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h.Skaftárhrepps að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli

B175
sni. Al.
GPS 29.
1680



og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns.

Fulltrúi minnihluta lagði fram eftirfarandi bókun:

Ég, Sveinn H Jensson fulltrúi XD og óháðra fagna uppbyggingu nýs leikskóla sem og öðrum endurbótum á innviðum sveitarfélagsins. Jafnframt er lögð áhersla á að með þessari lántöku er verið að auka skuldbindingar sveitarfélagsins um 100 milljónir króna, og því er brýnt að fara sérstaklega vel með það fé.

Í ljósi þess að rekstur sveitarfélagsins árið 2024 fór verulega fram úr fjárhagsáætlun og ekki hefur verið sýnt nægilegt aðhald í framkvæmdum, viðhaldi og öðrum gæluverkefnum, er brýnt að sveitarstjóri og meirihluti sveitarstjórnar sýni nú aukna ábyrgð og gagnsæi í fjármálastjórn. Almenningsur ber kostnaðinn ef ábyrgðarskyldu meirihluta sveitarstjórnar er ekki sinnt.

23. 2510030 - Sýslumaðurinn á Suðurlandi

Lagt fram bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 6. október 2025, þar sem óskað er eftir tækisfærisleyfi vegna Uppskeruhátíðar Skaftárhrepps í Félagsheimilinu Kirkjuhvoli.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps afgreiddi erindið með rafrænum hætti á milli funda sinna og hefur skemmtun þegar farið fram.

24. 2510031 - Verkalýðsfélag Suðurlands

Lögð fram drög af samkomulagi um greiðslu iðgjalda í sjúkrasjóð Verkalýðsfélags Suðurlands. Jafnframt er lagður fram viðauki við fjárhagsáætlun Skaftárhrepps.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu. Sveitarstjórn samþykkir í einu hljóði framlagt samkomulag vegna mótframlags Skaftárhrepps í sjúkrasjóð Verkalýðsfélags Suðurlands árin 2020 til 2025. Jafnframt samþykkir sveitarstjórn Skaftárhrepps framlagðan viðauka við fjárhagsáætlun ársins 2025, helstu breytingar eru að launa liður í 04 Fræðslumálum hækkar um 4.122.000 krónur, í 05 Menningarmálum um 294.000 krónur, í 06 Æskulýðs- og íþróttamálum um 1.472.000 krónur, í 21 Sameiginlegur kostnaður um 588.000 krónur og í 31 Eignarsjóði um 294.000 krónur.

BHS
Svi.- Ak
GS
1681



25. 2510032 - Fyrirhuguð breyting á tollflokkum sex- og fjórhjóla.

„Vísað er til minnisblaðs frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dagsett 17.10.2025, málsnúmer FJR25060076.

Samkvæmt lið 4.1 í minnisblaðinu er áformað að gera töluverðar breytingar á tollflokkun fjór- og sexhjóla sem hafa verið flokkuð í tollflokk með dráttarvélum í tollflokki T3 og þannig undanskilin vörugjöldum hingað til. Verði þessi breyting á tollflokkun að lögum leggjast allt að 40% vörugjöld á innflutningsverð umræddra tækja. Þar sem tæki þessi eru að nánast öllu leyti nýtt í landbúnaði telur sveitarstjórn óeðlilegt að þau færist undir vörugjöld tækja sem nýtt eru til farþegaflutninga, eins og fyrirhuguð er samkvæmt minnisblaðinu.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps gerir alvarlega athugasemd við að hafa ekki fengið málið til umsagnar heldur einungis frétt af svo mikilli skattahækkun fyrir tilviljun. Eðlilegt væri að þau sveitarfélög sem eiga mikið undir að landbúnaður dafni hefðu fengið málið til umsagnar.

Hér með er skorað á fjármálaráðherra að falla frá fyrirhugaðri breytingu eða hafa þær undanþágur að fella niður vörugjöld ef sex- eða fjórhjól eru notuð á lögbýlum eða kaupandi sé skráður í virðisaukaskattskrá Skattsins með hefðbundinn búrekstur.

Sveitarstjóra er falið að senda framangreinda bókun á efnahags- og viðskiptanefnd, fjármálaráðherra, atvinnuvegaráðherra og þingmenn kjördæmisins.“

Fleira ekki gert,
fundir slitið kl. 13.06.


Jóhannes Gissurarson


Björn Helgi Snorrason


Gunnar Pétur Sigmarsson


Auður Guðbjörnsdóttir


Sveinn Hreiðar Jensson